



Bæjarstjórn Garðabæjar 2. (842)/2019

Boðað er til 2. (842). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 7. febrúar 2019 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1901030F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/1 '19.
1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022) - viðauki nr. 1.

1811054 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir smáhýsi við Nýjabæ.

1711067 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi að Brekkuási 7.

1803184 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags vegna svæðis í Rjúpnahlíð.

1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu á deiliskipulagsgerð fyrir friðland Garðahrauns.

1710244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu á deiliskipulagsgerð fyrir friðland Gálghrauns.
2. 1901043F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/1 '19.
1810375 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi friðlýsingu á náttúruvættinu Búrfelli, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár.
3. 1902001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/2 '19.
4. 1901026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 23/1 '19.
5. 1901001F - Fundargerð íþróttá- og tólmstundaráðs frá 4/1 '19.
6. 1901017F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/1 '19.
7. 1901021F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 17/1 '19.
8. 1901008F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/1 '19.
9. 1901032F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 23/1 '19.



10. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 18/1 '19.
11. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS bs. frá 18/1 '19.
12. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 14/1 '19.
13. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11/1 '19.
14. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/1 '19.
15. 1902056 - Tillaga Garðabæjarlistans um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.
16. 1902049 - Fyrirspurn um vöru- og þjónustukaup 2018
17. 1902050 - Fyrirspurn um niðurgreiðslur á fæði fyrir eldri borgara
18. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - Lántaka

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
1. (841). fundur 2019

Fimmtudaginn 17. janúar 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvínsson, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ósk Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. desember 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1901002F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/1 '19

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Afgreiðsla mála:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu svæðisskipulagsnefndar um að auglýst verði tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er varðar legu vaxtarmarka á milli þéttbýlis og dreifbýlis á Álfsnesi. Með breytingunni verður rými fyrir uppbyggingu og þróun efnisvinnslusvæðis sem staðsett yrði við jaðar núverandi iðnaðarsvæðis á Álfsnesi. Tillagan verður auglýst ásamt umhverfisskýrslu, breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Fundargerð bæjarráðs sem er 18 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1901016F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/1 '19.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Hörgatún 2. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna uppbyggingar á Lyngásvæði L1 og L2. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna viðbyggingar og breytinga á einbýlishúsinu við Hæðarbyggð 22. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust engar athugasemdir

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis að Víkurgötu 14 þó að vikið sé frá skilmálum við útfærslu handriða og stoðveggja en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni. Þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skriflegt samþykki lóðarhafa þarf að liggja fyrir varðandi útfærslu á lóðarmörkum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á húsagerðum við Keldugötu.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og ræddi 18. tl., viljayfirlýsingu um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og ræddi 18. tl., viljayfirlýsingu um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir viljayfirlýsingu um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkir kaupsamning um jörðina Kirkjubrú á Álftanesi.

Fundargerð bæjarráðs sem er 23 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1812022F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 17/12 '18

Björg Fengler, ræddi 1. tl., íþróttahátíð Garðabæjar. Björg færði öllum þeim fjölmörgu sem fengu viðurkenningar hamingjuóskir með glæsilegan árangur.

Þá ræddi Björg, 2. tl., alþjóðlegt frísbímót á Vífilsstaðavelli og 3. tl., styrk til rafíþróttaklúbbs.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl. íþróttahátíð Garðabæjar og óskaði íþróttakarli og íþróttakonu Garðabæjar til hamingju með þeirra viðurkenningar. Þá ræddi Ingvar 2. tl., alþjóðlegt frísbímót á Vífilsstaðavelli.

Björg Fengler tók til máls að nýju.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., íþróttahátíð Garðabæjar og færði íþrótt- og tómstundaráði þakkir fyrir góða umgjörð á glæsilegri hátíð.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1812028F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 20/12 '18.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1812030F - Fundargerð ungmennaráðs frá 20/11 '18.

Ingvar Arnarson, ræddi fundargerð ungmennaráðs og vakti athygli á vöntun á gögnum í fundargátt.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi fundargerð ungmennaráðs og verkefni ráðsins.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1812031F - Fundargerð ungmennaráðs frá 14/12 '18.

Björg Fenger, ræddi. tl., forvarnarfræðslu.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi , 1. tl., forvarnarfræðslu og ungmennahús.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., forvarnarfræðslu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., forvarnarfræðslu.

Ingvar Arnarsson, ræddi 1. tl., forvarnarfræðslu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., að nýju.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., að nýju.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., forvarnarfræðslu.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., forvarnarfræðslu og sagði frá fundi með Grunnstoðum.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1801362 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs frá 21/11 og 14/12 '18.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., fg. frá 21/11, notkun metans á strætisvagna, 6. tl., fg. frá 21/11, úttekt innri endurskoðunar, 1. tl. fg. frá 14/12, skýrslu Capacent um mögulega sameiningu Sorpu bs. og Kölkusf., 4. tl., fg. frá 14/12, bréf til Sorpstöðvar Suðurlands vegna móttöku úrgangs, og 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls að nýju um 6. tl.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., fg. frá 14/12, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, bann við notkun burðarpoka og 2. tl., fg. frá 21/11, notkun metans á strætisvagna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., fg. frá 21/11, notkun metans á strætisvagna.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., fg. frá 21/11, notkun metans á strætisvagna.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 2. tl.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., fg. frá 21/11, notkun metans á strætisvagna.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 9/1 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 7/12 '18.

Björg Fenger, ræddi 6. tl., persónuverndarfulltrúi fyrir slökkviliðið.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/12 18.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., leiðakerfismál, 3. tl., stefnumótun 2019, 5. tl., önnur mál – beiðni um yfirmat vegna skaðabótakröfu Teits Jónassonar ehf.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1812089 - Kosning fulltrúa í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks

Bæjarstjórn samþykkir að skipa eftirfarandi einstaklinga í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks. Samráðshópurinn er skipaður samkvæmt 2. mgr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018.

Bjarni Th. Bjarnason, Strandvegi 1.

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, Sjávargrund 13B.

Sara Dögg Svanhildardóttir, Lynghólum 7.

Bergþóra Bergsdóttir, Löngulínu 27, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands.

Elín H. Hinriksdóttir, Melási 12, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands.

Porkell Jóhannsson, Lynghólum 1, tilnefndur af Landsamtökunum Þroskahjálp.

12. 1812088 - Kosning fulltrúa í öldungaráð

Bæjarstjórn samþykkir að skipa eftirfarandi einstaklinga í öldungaráð Garðabæjar. Öldungaráð er skipað samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 37/2018.

Almar Guðmundsson, Stekkjarflöt 15.
Bergljót Sigurbjörnsdóttir, Sjávargrund 13B.
Anna Guðrún Hugadóttir, Kirkjulundi 14.
Stefanía Magnúsdóttir, Garðatorgi 7, tilnefnd af Félagi eldri borgara í Garðabæ.
Ástbjörn Egilsson, Löngulínu 12, tilnefndur af Félagi eldri borgara í Garðabæ.
Ólafur Proppé, Vesturbæ, tilnefndur af Félagi eldri borgara á Álftanesi.

13. 1901238 - Fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Ingvar Arnarsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Þegar farið er að taka saman kostnað og finna áætlanir sem tengjast kaupum og framkvæmdum við fjölnota fundarsal er erfitt að finna slíkt þ.a.l. legg ég fram eftirfarandi spurningar;
Hvað kostaði húsnæðið sem fjölnota fundarsalurinn er í?
Var gerð kostnaðaráætlun vegna breytingar á húsnæðinu í fjölnota fundarsal?
Hversu há upphæð var áætluð í framkvæmd við breytingar á húsnæðinu?
Hver er heildarkostnaður við framkvæmdir á húsnæðinu? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar.
Hve stór hluti verksins fór í útboð?
Með hvaða hætti hefur verið upplýst um framgang framkvæmda og kostnaðar til kjörinna fulltrúa?
Hver hefur eftirlit og umsjón með framkvæmdinni?“

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna fyrirspurn og boðaði skriflegt svar við fyrirspurninni.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framkomna fyrirspurn.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna fyrirspurn.

Guðfinnur Sigurvínsson, ræddi framkomna fyrirspurn.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

14. 1901237 - Tillaga um að Garðabær taki í notkun umhverfisvænni bifreiðar.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og fylgdi úr hlaði eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að bifreiðum í eigu bæjarins sem brenna jarðefnaeldsneyti verði í áföngum skipt út fyrir bifreiðar sem teljast umhverfisvænni. Á árinu 2019 verði 2-4 bifreiðum í eigu Garðabæjar skipt út fyrir umhverfisvænni og í framhaldinu gerð áætlun um hvernig best sé að skipta út öllum bifreiðum í eigu bæjarins.“

Greinagerð

Það er eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar að Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru í umhverfisstefnu Garðabæjar til að ná því markmiði er að stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa. Með því að skipta út bifreiðum sem brenna jarðefnaeldsneyti er Garðabær að sýna vilja í verki og fara fyrir með góðu fordæmi.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi framkomna tillögu og lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 17. janúar 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Valborg Ósk Á Warén, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
3. (1864.). fundur 2019

Þriðjudaginn 22. janúar 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkefnafræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022) - viðauki nr. 1.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 1 vegna kaupa á jörðinni Kirkjubrú á Álftanesi

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Með kaupsamningi dags. 11. janúar 2019 kaupir Garðabær jörðina Kirkjubrú og land sem henni fylgir. Kaupverð er 125 m.kr. Greiða skal 45 m.kr. á árinu 2019, 40 m.kr. árið 2020 og 40 m.kr. árið 2021.

Kaupsamningurinn var samþykktur á fundi bæjarstjórnar 17. janúar 2019.

Kaup á landi	kr. 125.000.000	(eignfært)
Fjármögnun:		
Greiðsla 2019	kr. 45.000.000	Hækkun á lántöku ársins um kr. 45.000.000
Greiðslur 2020 og 2021	kr. 80.000.000	Fært á efnahag - lántaka
Samtals	kr. 125.000.000	

2. 1801047 - Dýjagata 14 (áður 16) - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Björgu Jónsdóttur, kt. 081054-5179 leyfi til að stækka áður samþykkt einbýlishús á lóðinni að Dýjagötu 14.

3. 1810070 - Þrastanes 11 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ragnari Þórði Jónassyni, kt. 290571-4999 leyfi til að breyta innra skipulagi einbýlishússins að Þrastanesi 11.

4. 1811054 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir smáhýsi við Nýjabæ.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn ábúenda að Nýjabæ um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna smáhýsa við Nýjabæ ásamt því að hafna staðsetningu smáhýsa á jörðinni utan deiliskipulagsvæðisins.

- 5. 1711067 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi að Brekkuási 7.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að vikið sé frá skilmálum deiliskipulags vegna afgreiðslu umsóknar byggingarleyfis fyrir einbýlishúsið að Brekkuási 7 enda liggi fyrir samþykki nágranna.
- 6. 1803184 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags vegna svæðis í Rjúpnahlíð.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að farið verði fram á við svæðisskipulagsnefnd að hafin verði vinna við gerð tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er varðar legu vaxtarmarkna í Rjúpnahlíð með það að markmiði að fyrirhugað athafnasvæði um 20 ha falli innan vaxtarmarkna. Samhliða breytingu á svæðisskipulagi verður unnið að gerð rammahluta aðalskipulags sem nær til Vífilsstaðalands og Hnoðrahólts.
- 7. 1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu á deiliskipulagsgerð fyrir friðland Garðahrauns.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna almenningi samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 lýsingu vegna deiliskipulagstillögu fyrir friðland Garðahrauns. Lýsingin skal send til kynningar í umhverfisnefnd og Umhverfisstofnun.
- 8. 1710244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu á deiliskipulagsgerð fyrir friðland Gálghauns.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að kynna almenningi samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 lýsingu vegna deiliskipulagstillögu fyrir friðland Gálghauns. Lýsingin skal send til kynningar í umhverfisnefnd og Umhverfisstofnun.
- 9. 1901193 - Bréf Félags eldri borgara í Garðabæ varðandi aðstöðu eldri borgara, dags. 11.01.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar fjölskylduráðs og öldungaráðs.
- 10. 1901251 - Bréf Reykjavíkurborgar um samstarf um starfsemi neyðarathvarfa Reykjavíkur fyrir heimilislausa, dags. 15.01.19.**
Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um starfsemi neyðarathvarfa og samþykkir að bæjarstjóri undirriti samning um greiðslu gistináttgjalds.
- 11. 1901097 - Auglýsing um skrár (lista) yfir þau störf sem ekki hafa verkfallsheimild.**
Bæjarráð samþykkir lista yfir störf sem falla undir undanþáguheimild vegna töku verkfalls samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 12. 1804081 - Útilífsmiðstöð í Heiðmörk - kynning á teikningum.**
Lagðar fram til kynningar teikningar í vinnslu að útilífsmiðstöð skáta í Heiðmörk.
- 13. 1901281 - Reglur um styrki til starfsmanna í skólum.**
Bæjarráð samþykkir framlagðar reglur um styrki til starfsmanna í skólum.

14. 1901279 - Reglur um launað námsleyfi.

Bæjarráð samþykkir framlagðar reglur um launað námsleyfi.

15. 1901237 - Tillaga Garðabæjarlistans um að Garðabær taki í notkun umhverfissvænni bifreiðar.

Tillagan rædd.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni á þessu stigi til umfjöllunar umhverfisnefndar.

16. 1901244 - Bréf Kvennaráðgjafarinnar um styrk á árinu 2019, dags. 11.01.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.

17. 1901274 - Bréf Hrafnistu varðandi samstarf um rekstur dagdvalar á Ísafold, dags. 17.01.19.

Bæjarráð tekur jákvætt í að eiga samstarf við Hrafnistu um rekstur dagdvalar með það að markmiði að auka hagkvæmni og samnýtingu við starfsemi hjúkrunarheimilis á Ísafold. Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra og til umfjöllunar í fjölskylduráði og öldungaráði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 22. janúar 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
4. (1865). fundur 2019

Þriðjudaginn 29. janúar 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1901326 - Íbúakönnun - Þjónusta sveitarfélaga 2018 - kynning.

Á fund bæjarráðs mætti Matthías Þorvaldsson, starfsmaður GI rannsókna ehf. og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum þjónustukönnunar meðal íbúa á árinu 2018 sem í öllum meginatriðum er jákvæð í helstu málaflokkum. Bæjarráð samþykkir að vísa þjónustukönnuninni til umfjöllunar nefnda.

2. 1901218 - Kinnargata 14 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Emil Hallfreðssyni, kt. 290684-2189 leyfi til að stækka núverandi einbýlishús að Kinnargötu 14.

3. 1706130 - Mávanes 21 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Byco Assert Ltd, kt. 560810-9700 leyfi til að stækka núverandi einbýlishús að Mávanesi 21.

4. 1901303 - Bréf Skátafélagsins Vífils og Hjálparsveitar skáta varðandi lækkun fasteignagjalda árið 2019, dags. 18.01.19.

Bæjarráð samþykkir að veita skátafélögunum styrk að fjárhæð kr. 3.638.150 til greiðslu fasteignagjalda 2019.

5. 1901331 - Bréf Sorpu bs varðandi hugsanlega sameiningu Sorpu og Kólku, dags. 18.01.19.

Bæjarráð óskar eftir að fulltrúar Sorpu bs. og fulltrúar Capacent komi á fund bæjarráðs og kynni málið nánar.

6. 1901332 - Bréf frá ungu fólki úr Garðabæ um úthlutun lóða, dags. 16.01.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

7. 1711130 - Bréf Þjóðskjalasafns Íslands varðandi skýrslu um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga, dags. 15.01.19.

Lagt fram.

Bæjarráð áréttar að í starfsemi Garðabæjar er unnið samkvæmt skjalastefnu þar sem fram kemur að meðferð og varsla skjala skuli ávallt vera í samræmi við lög og reglugerðir.

8. 1901349 - Bréf UMF Álftaness varðandi ósk um aukið fjárframlag til uppbyggingar aðstöðu og íþróttastarfs, dsgrs. 20.01.19.

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmenn UMFÁ þar sem meðal annars var rætt um uppbyggingu og endurbætur á íþróttaaðstöðu á Álftanesi.

Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslu- menningarsviðs og til meðferðar við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

9. 1810375 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi friðlýsingu á náttúruvættinu Búrfelli, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu umhverfisnefndar um að leitað verði eftir því við Umhverfisstofnun að hafinn verði undirbúningur að því að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár sem náttúrvætti en fyrri ákvörðun um friðlýsingu var felld niður með auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 380 frá 25. apríl 2016.

10. 1901384 - Tölvupóstur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi frumvarp til laga um ráðstafanir til uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, dags. 23.01.19.

Lagður fram.

11. 1811339 - Afgreiðsla skólanefndar varðandi tillögu að breytingu á Þróunarsjóði grunnskóla.

Bæjarráð samþykkir tillögu skólanefndar nýjan málslið við 6. gr. sem verður 4 ml. og hljóðar svo:

„Verkefni sem fá styrk úr þróunarsjóði geta verið tilnefnd til viðurkenningar eða verðlauna á Menntadegi Garðabæjar.“

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 29. janúar 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
5. (1866). fundur 2019

Þriðjudaginn 5. febrúar 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Sunna Stefánsdóttir, samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - lántaka.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000, verðtryggt með 2,45% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára. Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

2. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 - afskriftir viðskiptakrafna.

Bæjarráð samþykkir tillögu um afskriftir viðskiptakrafna samkvæmt framlögðum lista samtals að fjárhæð kr. 3.905.722.

3. 1703267 - Endurgreiðsla á framlögum til Brúar - lífeyrissjóðs.

Bæjarstjóri kynnti samkomulag við Brú lífeyrissjóð um endurgreiðslu á framlagi Garðabæjar að fjárhæð kr. 10.000.000, sem greitt var sjóðnum á árinu 2018 vegna Ísafoldar.

4. 1901394 - Tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu varðandi skýrsla um kjör aldraðra, dags. 24.01.19.

Lögð fram.

5. 1812081 - Niðurstöður átakshóps um húsnæðismál, dags. 19.01.19.

Lagðar fram.

6. 1901343 - Tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu varðandi skýrslu velferðarvaktarinnar, dags. 22.01.19.

Lögð fram.

7. 1807047 - Bréf forsætisráðherra varðandi kynningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, dags. 28.01.19.

Lagt fram bréf forsætisráðherra með hvatningu um að sveitarfélög innleiði heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni og nýti þau sem leiðarljós í stefnumótun.

8. 1901419 - Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga um boðun XXXIII. landsþings sambandsins, dags. 29.01.19.

Í bréfinu boðar Samband íslenskra sveitarfélaga til XXXIII. landsþings sambandsins föstudaginn 29. mars nk.

9. **1902009 - Bréf Alþingis varðandi tillögu að þingsályktun um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna í íslensku samfélagi, dags. 31.01.19.**
Lagt fram

10. **1902010 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdasjóður aldraðra), dags. 31.01.19.**
Lagt fram.

11. **1902011 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), dags. 31.01.19.**
Lagt fram.

12. **1902014 - Bréf Garðaálfa um styrk til kórs eldri borgara á Álftanesi, dags. 31.01.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 sem fram fer í mars/apríl.

13. **1901462 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda 2019, dags. 31.01.19.**
Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar styrk að fjárhæð kr. 8.457.051 til greiðslu fasteignagjalda árið 2019.

14. **1901397 - Bréf UMF Stjórnunnar um niðurfellingu fasteignagjalda 2019, dags. 28.01.19.**
Bæjarráð samþykkir að veita UMF Stjórnunni styrk að fjárhæð kr. 1.843.225 til greiðslu fasteignagjalda árið 2019.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 5. febrúar 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

1. fundur 2019

Miðvikudaginn 23. janúar 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigbrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1707104 - Húsnæðisáætlun - Garðabær

Tekið er fyrir mál nr. 1707104, húsnæðisáætlun Garðabæjar. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri, situr fundinn undir þessum lið.

Ráðið fjallaði að nýju um drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri fór yfir stöðu mála á helstu uppbyggingarsvæðum Garðabæjar á næstu árum. Þar er um að ræða Urriðaholt, Lyngás/Stóras, miðsvæði Álftaness og Hnoðraholt/Vetrarmýri.

Ljóst er að fyrirliggjandi áætlanir uppbyggingar nægja, og gott betur, til að mæta þeirri þörf sem verður fyrir íbúðir í Garðabæ á næstu árum. Á þetta við hvort sem litið er til heildarfjölda íbúða eða mismunandi íbúðartegunda.

Samþykkt var að afgreiða áætlunina í núverandi mynd frá ráðinu til meðferðar í bæjarráði og bæjarstjórn. Fjölskylduráð mun fjalla um áætlunina aftur verði breytingar gerðar á henni í meðförum bæjarráðs og bæjarstjórnar.

2. 1812252 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1812252, umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1901160 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1901160, umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1901050 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1901050, umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 1812186 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1812186, umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

6. 1812088 - Öldungaráð

Tekið er fyrir mál nr. 1812088, öldungaráð.

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b., eiga sveitarfélög að skipa öldungaráð sem er samráðsvettvangur innan sveitarfélagsins þar sem fjallað skal um þjónustu við aldraða og framkvæmd öldrunarmála. Áður var í lögnum heimildarákvæði til að skipa sérstakt öldungamálaráð. Garðabær hafði ekki nýtt sér þá heimild en á síðasta kjörtímabili var starfrækt nefnd um málefni eldri borgara. Sú nefnd var lögð niður við upphaf kjörtímabils 2018 -2022. Sum verkefni þeirrar nefnda geta eftir atvikum fallið undir verksvið öldungaráðs en mörg önnur verkefni nefndarinnar verða á borði annarra nefnda s.s. fjölskylduráðs og íþróttá- og tómsundaráðs. Öldungaráð tekur við hlutverki þjónustuhóps aldraðra sem starfaði samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Í öldungaráði sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.

7. 1812089 - Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Tekið er fyrir mál nr. 1812089 Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b. eiga sveitarfélög að skipa samráðshóp um málefni fatlaðs fólks sem er samráðsvettvangur innan sveitarfélagsins þar sem fjallað skal um þjónustu við við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

8. 1901223 - Endurnýjun leyfis fyrir stuðningsfjölskyldu

Tekið er fyrir mál nr. 1901223 beiðni um endurnýjun leyfis fyrir stuðningsfjölskyldu. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

9. 1810028 - Tillaga um eflingu lýðræðislegra vinnubragða í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun 2019.

Tekið er fyrir mál nr. 1810028, tillaga um eflingu lýðræðislegra vinnubragða. Bæjarráð samþykkir að vísa minnisblaðinu til umfjöllunar fjölskylduráðs.

Ráðið fjallaði um minnisblað vegna lýðræðisverkefna í Garðabæ.

Ráðið lýsir yfir ánægju sinni með undirbúning málsins og telur mikilvægt að koma verkefninu af stað á þessu ári. Þá samþykkti ráðið að vinna að endurnýjun á lýðræðisstefnu Garðabæjar, sem samþykkt var árið 2010, og er stefnt að því að klára þá vinnu fyrir haustið. Samþykkt að kalla eftir hugmyndum annarra fastanefnda bæjarins um þau áhersluatriði kosninga. Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 6. fundur 2019

Föstudaginn 4. janúar 2019 kl. 12:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Eva Ósk Ármannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811158 - Íþróttahátíð Garðabæjar 6.jan 2019

Kjör íþróttamanns ársins.

Íþróttakona Garðabæjar 2018 er Freydís Halla Einarsdóttir skíðakona og ólympíufari.

Tilnefndar voru; Andrea Sif Pétursdóttir, Freydís Halla Einarsdóttir, Hulda Clara Gestsdóttir og Irma Gunnarsdóttir.

Íþróttakarlf Garðabæjar 2018 er Baldur Sigurðsson fyrirliði bikarmeistara Stjórnunnar í knattspyrnu karla.

Tilnefndir voru; Baldur Sigurðsson, Birgir Leifur Hafþórsson, Jón Þór Sigurðsson og Pétur Fannar Gunnarsson.

Íþróttalið Garðabæjar 2018: Stjarnan mfl. ka. í knattspyrnu

Heiðursviðurkenningar fyrir störf að félagsmálum fá Hilmar Júlíusson Stjórnunni, Þorgerður Jóhannsdóttir GKG, Stefán Arinbjarnarson UMFÁ.

Þjálfarar ársins 2018 eru Herdís Sigurbergisdóttir, handknattleiksþjálfari og Kjartan Atli Kjartansson, körfuknattleiksþjálfari.

Viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur innanlands fá alls 320 einstaklingar. Fyrir fyrstu þátttöku með A-landsliði fá 13 einstaklingar, þátttöku með U-landsliðum 48 einstaklingar og árangur á erlendum vettvangi, 39 einstaklingar.

2. 1812193 - Fyrirspurn UMFÁ um fjármagn til viðhalds.

Rætt var um mikilvægi þess að klára framkvæmdir við ljósamöstur og lýsingu gervigrasvallarins á Álftanesi og að útbúa búningsklefa í vallahúsinu svo það megi nýstast UMFÁ. Viðhald á gólfi íþróttahússins er í undirbúningi hjá eignasviði Garðabæjar.

3. 1901116 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Halla Soley Jónasdóttir kt. 0408013750 hlýtur ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna EM unglinga á vegum FSÍ 15. til 21. október 2018.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
4. fundur 2019

Fimmtudaginn 17. janúar 2019 kl. 17:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Urriðaholtsskóla.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Fanney Hanna Valgarðsdóttir varamaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Anna Kristborg Svanlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ragnhildur Skúladóttir fulltrúi leikskólastjóra og Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812148 - Leikskólar - biðlisti - innritun

Lögð var fyrir kynning á framkvæmd við innritun í leikskólum og staða á biðlistum í lok árs 2018.

2. 1812147 - Leikskóli - tölulegar upplýsingar

Lagðar voru fram tölulegar upplýsingar um fjölda barna hjá dagforeldrum og fjölda barna sem fá þjónustu í leikskólum í Garðabæ. Fram kemur fjöldi eftir árgöngum og kyni, fjöldi úthlutaðra sérkennslutíma og fjöldi foreldra sem hafa íslensku sem annað mál.

3. 1812146 - Kirkjuból - endurbygging

Upplýsingar veittar um stöðu framkvæmda við endurbyggingu Kirkjubóls.

4. 1812120 - Skýrsla starfshóps um barngildisútreikninga

Lagt fram minnisblað frá starfshópi leikskólastjóra vegna endurskoðunar á barngildisútreikningum og fjölda barna í leikskólum. Málinu er áfram í vinnslu fræðslu- og menningarsviðs.

Formaður nefndar bar upp tillögu um að bæta við dagskrárlið um hækkun leikskólagjalda. Tillagan var samþykkt af kjörnum fulltrúum.

5. 1901297 - Hækkun leikskólagjalda

Rætt var um leikskólagjöld í sveitarfélaginu.

Minnihluti lagði fram eftirfarnadi bókun:

Fulltrúar Garðabæjarlistans í leikskólanefnd eru andvígir þeirri gjaldskrárhækkun á leikskólagjöldum bæjarins sem samþykktar voru 6. desember 2018 í bæjarstjórn Garðabæjar. Þessi hækkun gerir leikskóla bæjarins þá dýrustu á landinu samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ. Við teljum þessa hækkun andstæða bókun bæjarstjóra, þegar fjárhagsáætlun 2019 var samþykkt, sem segir að áætlunin beri vott um ábyrga fjármálastjórn þar sem íbúum er áfram boðin góð þjónusta og lækkun álagna. Við tölum með ábyrgri fjármálastjórn og styðjum, en hækkun leikskólagjaldskrár umfram hækkunar á öðrum gjaldskrá er ekki í anda þeirrar lækkunar álagna sem bæjarstjóri vísar til. Þegar núverandi meirihluti í Garðabæ talar fyrir 53% hærri leikskólagjöldum en t.d. í Reykjavík þá er vísað til aukinnar þjónustu, t.d. um sumaropnun, inntaka ungra barna og gæða kennslu. Við fulltrúar Garðabæjarlistans óskum eftir því að þessi aukna þjónusta sem á að réttlæta þessa dýrustu gjaldskrá landsins sé kostnaðargreind og lögð fram til að tryggja gagnsæi og lýðræðislegar ákvarðanir.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

1. fundur 2019

Fimmtudaginn 17. janúar 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Lögð fram lýsing á deiliskipulagsgerð fyrir friðland Gálgahrauns og Garðahrauns neðra. Dagný Bjarnadóttir kynnti drög að deiliskipulaginu.

Skipulagsnefnd samþykkir lýsinguna í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Áður en lýsingin er send umsagnaraðilum og kynnt almenningi skal hún kynnt umhverfisnefnd og Umhverfisstofnun.

2. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Lögð fram lýsing á deiliskipulagsgerð fyrir fólkvang Garðahrauns efra.

Dagný Bjarnadóttir kynnti drög að deiliskipulaginu.

Skipulagsnefnd samþykkir lýsinguna í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Áður en lýsingin er send umsagnaraðilum og kynnt almenningi skal hún kynnt umhverfisnefnd og Umhverfisstofnun.

3. 1803184 - Rjúpnahlíð-athafnasvæði, svsk breyting, vaxtarmörk.

Lögð fram öðru sinni tillaga að breytingu vaxtamarka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem gerir ráð fyrir því að um 20 ha svæði í Rjúpnahlíð lendi innan marka. Þar verði gert ráð fyrir athafnasvæði sem falli vel að aðliggjandi íbúðarbyggð í Kópavogi. Uppbygging athafnasvæðis er hugsað sem kostur fyrir þau fyrirtæki innan bæjarmarka sem þurfa að víkja fyrir þróun athafna og iðnaðarsvæða í blandaða byggð þar sem ráð verður gert fyrir íbúðarbyggð. Sérstaklega er horft til Lyngássvæðis í því sambandi.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með svæðisskipulagsstjóra þar sem gerð var grein fyrir tillögunni.

Tillögunni vísað til mótunarvinnu við gerð aðalskipulagbreytingar sem verður rammahluti aðalskipulags og nær til Vífilsstaðalands. Senda skal tillöguna ásamt drögum að rammahluta aðalskipulags til kynningar í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

4. 1811054 - Nýibær 2, smáhýsi fyrir ferðaþjónustu.

Lögð fram öðru sinni fyrirspurn ábúenda að Nýjabæ 2 um hvort leyft yrði að reisa 3 smáhýsi fyrir ferðapjónustu. Eitt yrði staðsett inni á lóð Nýjabæjar 2 og tvö á ódeiliskipulögðu svæði austan Garðavegar. Lögð fram umsögn höfunda deiliskipulags Garðahverfis um fyrirspurn um staðsetningu 3 smáhýsa fyrir ferðapjónustu á umráðasvæði Nýjabæjar. Í umsögn kemur fram að færa megi rök fyrir því að staðsetja smáhýsi inni á lóð Nýjabæjar 2 en ekki er tekin afstaða til staðsetningu smáhýsa utan deiliskipulags. Svar: Með vísan í markmið deiliskipulags Garðahverfis og nýlegrar niðurstöðu nefndarinnar í málum sem lutu að deiliskipulagi Garðahverfis er svar nefndarinnar neikvætt.

5. 1711067 - Brekkuás 7-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að hækkun gólfkóta íbúðarhúss að Brekkuás 7. Eigendur Brekkuáss 5 og 9 hafa staðfest að þeir geri ekki athugasemd við tillöguna. Tillagan hefur ekki áhrif á hámarkshæð hússins. Ef einnig liggur fyrir staðfesting eigenda Brúnáss 8, 10, 12 og 14 um að þeir geri ekki athugasemd við tillöguna gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að vikið verði frá umræddu ákvæði deiliskipulags við veitingu byggingarleyfis.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
6. fundur 2019

Fimmtudaginn 24. janúar 2019 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Rúna Björk Þorsteinsdóttir varamaður kennara, Íris Kristína Óttarsdóttir fulltrúi foreldra og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarsjóri skóladeildar Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1809152 - Ný persónuverndarlög - kynningar- og fræðslufundir

Telma Halldórsdóttir persónuverndarfulltrúi Garðabæjar kom á fundinn. Hún kynnti ný lög um persónuvernd, sagði frá þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram í skólum bæjarins í tengslum við umrædd lög og áréttaði mikilvægi þess að nefndarmenn líkt og aðrir vinni samkvæmt því sem þar kemur fram.

2. 1808346 - Menntadagur 26. október 2018

Niðurstaða könnunar lögð fram til kynningar. Könnunin staðfestir að almenn ánægja er með Menntadaginn og framkvæmd hans.

3. 1901026 - Eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum

Lagt fram til kynningar

4. 1901270 - Heimsókn nema frá Menntavísindasviði HÍ

Sagt frá fyrirhugaðri heimsókn nema af Menntavísindasviði HÍ þann 28. febrúar næstkomandi.

5. 1901327 - Frístundaþjónusta fyrir nemendur í 5.-10. bekk

Rætt um frístundaþjónustu fyrir nemendur í 5. - 10. bekk grunnskólans

6. 1811339 - Þróunarsjóður grunnskóla 2019

Umræður um áhersluþætti næsta árs. Skólanefnd samþykkir að leggja til við bæjarráð breytingar á 6. gr. í reglum um Þróunarsjóð grunnskóla.

Undir 6. lið viku af fundi fulltúrar foreldra, kennara og skólastjórnenda. Auk þess vék Sturla D. Þorsteinsson af fundi þar sem hann starfar sem kennari í Garðabæ

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
8. fundur 2019

Miðvikudaginn 23. janúar 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í miðrymi 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Halldór Halldórsson varamaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Dagný Bjarnadóttir kynnti skipulagslýsinguna

2. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Dagný Bjarnadóttir kynnti skipulagslýsinguna

3. 1901063 - Mengun af völdum flugelda um áramót

Minnisblað um mengun vegna flugelda um áramót, frá Hurnd Ólöfu Andradóttur prófessor í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands og Presti Þorsteinssyni prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands lagt fram. Umhverfisnefnd mun fylgjast með þróun mála og athuga með að setja upp mengunarmæli innan sveitafélagsins.

4. 1810375 - Friðlýsing á náttúruvættinu Búrfelli, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár

Umhverfisnefnd leggur til við Bæjarráð að hafin verði vinna við að endurheimta friðlýsingu á náttúruvættinu Búrfelli, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár sem var auglýst í B-deild stjórnartíðinda 2. júní 2014 og auglýsing um niðurfellingar þeirra auglýsingar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann 25. apríl 2016.

5. 1701151 - Uppgræðsla á beitarhólfi í Krísuvík

Frá Landgræðslu ríkisins barst áfangaskýrsla um uppgræðslu í beitarhólfi í Krísuvík árið 2018 og áætlun fyrir árið 2019 ásamt styrkbeiðni.

Umhverfisnefnd samþykkir styrkbeiðni

6. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Frestað

7. 1812018 - Umferðar- og samgöngumál

Frestað

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

403. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 18.01.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarki Bjarnason og Jóna Sæmundsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson, Magnús Örn Guðmundsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Viðræður Kólku og SORPU um hugsanlega sameiningu

Viðræðunefndir Kólku og SORPU ásamt ráðgjöfum Capacent og stjórnnum fyrirtækjanna hafa unnið að sameiningarviðræðum frá miðju ári 2016. Eftir þessar ítarlegu viðræður og yfirferð er stjórn SORPU bs. sammála um að sameining fyrirtækjanna geti verið mjög góður kostur fyrir sveitarfélögin með framtíðarhagsmuni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Nú er málið komið á það stig að góðar upplýsingar og hugmyndir liggja fyrir um á hvaða grundvelli hægt er að kynna mögulega sameiningu fyrir bæjarstjórnnum sveitarfélaganna. Á þeim forsendum samþykkir stjórn SORPU bs. fyrir sitt leyti að vísa ákvörðunum um framhald málsins til bæjarstjórna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirkomulag um kynningu á málinu verði framkvæmd í samráði við stjórnarmenn SORPU.

2. Starf endurskoðunarnefndar SORPU bs.

Málinu frestað.

3. Niðurstaða verðkönnunar á innra eftirliti

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður verðkönnunar á innra eftirliti fyrir SORPU sem efnt var til í desember. Stjórn felur stjórnarformanni að ganga frá samningi við pwc um innra eftirlit í samræmi við niðurstöður verðkönnunar.

Öll verð með vsk:

Innra eftirlit ár	ENOR	EY	KPMG	pwc
2019	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
2020	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
2021	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
SAMTALS	11.718.000,-	6.984.000,-	9.540.000,-	5.994.000,-
% af hæsta	100%	59,6%	81,4%	51,2%

BR

4. Umboð vegna undirskrifta lánasamings við Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur óskað eftir nýju umboði með breytingu á orðalagi. Engar breytingar eru á kjörum lána. Stjórn undirritar umboð.

5. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir stöðuna í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.

6. Viðhorfskönnun meðal íbúa í Leirvogstungu

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður viðhorfskönnunar vegna lyktarmála í Leirvogstungu.

7. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður rannsóknar SORPU bs. á innihaldi orkutunnu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

8. Bruni í Álfsnesi

Farið yfir hugsanlegar ástæður og viðbrögð við eldi í Álfsnesi.

Næsti fundur


Næsti fundur ákveðinn 11. febrúar 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:30.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birgir Jon Jonsson
M. Ólafsson
Hönnuð Björnsdóttir
Jóna Þorvaldsson
Bjarki Bjarnson.

Bjarni Hótt
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Eva H. Hótt



Reykjavík, 18. janúar 2019
Fundargerð 178. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 18. janúar 2019 var haldinn 178. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Starfsáætlun stjórnar

Í starfsreglum stjórnar, greinum 5.1 og 10.3, kemur fram að stjórnarformaður eigi að leggja fram starfsáætlun fyrir stjórnina í upphafi hvers árs.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS 2019, dags. 18. janúar 2019.

Afgreiðsla: Starfsáætlun stjórnar SHS 2019 samþykkt.

2. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra

Í starfsreglum stjórnar, greinum 12.1 t.o.m. 12.4, kemur fram að telji stjórnarformaður eða einstaka stjórnarmaður ástæðu til þess að störf, verklag, starfshættir eða frammistaða stjórnarformanns, einstakra stjórnarmanna eða slökkviliðsstjóra séu metin sérstaklega, skuli leitað til utanaðkomandi aðila til þess að framkvæma slíkt mat.

Afgreiðsla: Ákveðið að fara í árangursmat í upphafi næsta árs.

3. Búseta í atvinnuhúsnæði

Farið yfir málefnið búseta fólks í atvinnuhúsnæði. Slökkviliðsstjóri fór yfir verklag SHS vegna þess.

Afgreiðsla: Kynning. Slökkviliðsstjóri mun fara yfir verklagið, samvinnu við sveitarfélögin og koma með tillögu að næstu skrefum

6.12.19
[Handwritten signatures]
309

4. Bruni á Hvaleyrarbraut

Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir slökkviliðsins við stórbruna sem varð að Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði þann 18. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál

5.1. Bruni í Eddufelli.

Afgreiðsla: Kynning.

5.2. Jarðskjálfti á Hellisheiði 30.12.2018

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölvupóstur til Almanna- og borgarnevndar höfuðborgarsvæðisins v. jarðskjálfta á Hellisheiði, dags. 30. desember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5.3. Æfing neyðarstjórna sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að haldnar séu æfingar fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaga annað hvert ár. Þar sem það var haldin æfing 2017 er komið að því á þessu ári, 2019. Hugmynd að æfingu liggur fyrir og er lagt til að hún verði lögð fyrir á fundi almanna- og borgarnevndar sem er fyrirhugaður 15. febrúar n.k.


Afgreiðsla: Samþykkt að leggja hugmyndina fyrir fund almanna- og borgarnevndar höfuðborgarsvæðisins.


Fundi slitið klukkan 09:30.


Næsti fundur verður föstudaginn 15. febrúar 2019.


Fylgiskjöl:


- Starfsáætlun stjórnar SHS 2019, dags. 18. janúar 2019.
- T.p. til Almanna- og borgarnevndar höfuðborgarsvæðisins v. jarðskjálfta á Hellisheiði, dags. 30. desember 2018.



Dagur B. Eggertsson


Armann Kr. Ólafsson


Asgerður Halldórsdóttir


Gunnar Einarsson


Haraldur Sverrisson


Rósa Guðbjartsdóttir



STJÓRN SSH 466. fundur

Mánudaginn 14. janúar 2019, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1811004

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið: Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson, Eyjólfur Árni Rafnsson og starfsmenn verkfræðistofunnar EFLU, Guðmundur Guðnason og Berglind Hallgrímsdóttir.

Fulltrúar EFLU gerðu grein fyrir „Greiðslukerfi af bílaumferð“ sem er í notkun í Osló og Akershus svæðinu í Noregi, hvernig því kerfi er beitt til umferðarstýringar og tekjuöflunar vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja og til að stýra og draga úr aukningu umferðar innan þessara svæða .

Umræður

2. Húsnæðismál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1703008

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri og frá Íbúðalánasjóði, Anna Guðmunda Ingvarsdóttir og Ólafur Heiðar Helgason.

Ólafur og Anna kynntu yfirstandandi vinnu við ítarlega greiningu á húsnæðismakraði á landsvisu og sér í lagi stöðu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður þessarar greiningar munu liggja fyrir í þessum mánuði.

Umræður

3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Fyrir lá erindi frá samráðshópi velferðarsviða þar sem óskað er eftir að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri vegna undirbúnings og innleiðingar á endurnýjuðum samningi sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða:

Stjórn telur ekki rétt að ráða sérstakan verkefnastjóra á þessu stigi máls, en felur framkvæmdastjóra að hafa yfirumsjón með og samræmingu á þeirri vinnu sem nú er í gangi vegna mótnar nýs samstafssamnings, sameiginlegra reglna og þjónustulýsingar og vinnu Strætó bs. við undirbúnings nýs útboðs á akstri.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

298. fundur

Föstudaginn 11. janúar 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Ólafur Ingi Tómasson (OIT) varamaður, Karen Halldórsdóttir (KH) og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Fjarverandi: Ásgeir Sveinsson (ÁS)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
2. Öryggisstefna
3. Efling almenningsamganga
4. Endurskoðunarnefnd
5. Innsend erindi
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á vinnu við undirbúning á fyrirhuguðu útboði og annað sem tengist framtíðarfyrirkomulagi akstursþjónustunnar.

2. Öryggisstefna

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir drög að nýrri öryggisstefnu, ásamt því að fara yfir áherslur Strætó í öryggismálum 2019.

Stjórn samþykkir að öryggisstefnan verði lögð fram til staðfestingar á næsta fundi stjórnar.

3. Efling almenningsamganga

Áframhaldandi umfjöllun um eflingu almenningsamganga í tengslum við uppbyggingu Nýs Landspítala, sem tekin var fyrir á síðasta fundi stjórnar 21. desember 2018.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að halda áfram með verkefnið í samræmi við umræður á fundinum.

4. Endurskoðunarnefnd Strætó

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Strætó, Sunna Jóhannesdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir nefndarmenn, kynntu starf nefndarinnar.

5. Innsend erindi

- a) Áframhaldandi umfjöllun um tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna sem tekin var fyrir á fundi stjórnar 12. október 2018, þar sem þar sem stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra Strætó að skoða útfærslur og kostnað við að auka tíðni á stofnleiðum, þ.e. að setja leiðir sem nú eru á 10

mínúta fresti á háannatíma í að þær fari á 7,5 mínútu fresti. Fyrir fundinum liggur minnisblað þar sem farið var yfir kostnað við þessa breytingu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

- b) Innsent erindi er varðar athugasemd við tillögu stjórnar um hagræðingaraðgerðir, dagsett 7. janúar 2019. Í erindinu kemur fram athugasemd við að leið 18 verði sett á sumartíðni næstkomandi sumar en stjórn samþykkti þær breytingar á fundi sínum þann 21. desember 2018.

Framkvæmdastjóra falið að svara athugasemdinni í samræmi við umræður á fundinum.

- c) Á fundi stjórnar 7. desember 2018, var lagt fram erindi Hverfisráð Hlíða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, er varðar akstur um Hlíðahverfið í Reykjavík, dagsett 15.11.2018.

Framkvæmdastjóri lagði fram umsögn um erindið, þar sem fram kemur að ekki sé talið fýsilegt að útbúa nýja leið eins og staðan er í dag, þar sem núverandi leiðir þjónusta hverfin að stórum hluta.

- d) Erindi frá bæjarstjórn Seltjarnarness, dagsett 12. október 2018 þar sem óskað var eftir að betri samgöngum út á Granda í Reykjavík.

Stjórn samþykkti að tillagan verði lögð fram til umfjöllunar í faghópi um leiðakerfisbreytingar.

- e) Hvatning frá fyrirtækjum um bættar almenningssamgöngur sem afmarkast við Vesturlandsveg, Suðurlandsveg og Bæjarháls í Reykjavík.

Stjórn samþykkir að gerð verði breyting á leið 18 í samræmi við tillöguna í minnisblaðinu, þar sem hún hefurengin áhrif á kostnað, en aðrar breytingar verði teknar til umfjöllunar í faghópi um leiðakerfisbreytingar.

6. Önnur mál

- a) Stjórnarformaður fór yfir um tillögu að fyrirkomulagi vinnu við framtíðarstefnumótun Strætó.
- b) Mælaborð yfir rekstur ársins 2018, lagt fram.
- c) Kynning á fyrirhuguðu markaðsátaki á fyrstu mánuðum ársins 2019.

Fundi slitið: kl. 13:05

Fylgiskjöl:

- Minnisblað - Hvatningu fyrirtækja á Hálsasvæði, dagsett 9. janúar 2019
- Minnisblað – Kostnaðarmat vegna fyrirspurnar frá Seltjarnarnesi, dagsett 8. janúar 2019
- Minnisblað – Tillaga um 7,5 mínútna tíðni Strætó á stofnleiðum, dagsett 9. janúar 2019
- Umsögn um erindi hverfisráðs Hlíða, 8.01.2019
- Mælaborð, janúar til desember 2018

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Ólafur Ingi Tómasson (varamaður)

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS 242. fundur – 28. janúar 2019

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 28. janúar 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30. Mættir vor undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Harðar Þorsteinssonar, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar sem ritaði fundargerð. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. nóvember 2018 liggur fyrir.

1. Starfsemin 2018

Farið yfir fyrstu drög að ársskýrslu heilbrigðisnefndar. Nefndin hélt 12 fundi á árinu 2018 og tók fyrir 580 dagskráliði sem flokkast gróflega með eftirfarandi hætti:

Almenn mál um hollustuhætti, gælundýrahald, tóbaksvarnir o.þ.h.	193
Matvælamálefni	177
Umhverfis- og skipulagsmál	157
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnýsla	53

Fyrirtækjum sem haft er reglubundið eftirlit með, hefur fjölgað. Tíðni opinbers eftirlits skal vera reglulegt og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og var farið í 1182 eftirlitsheimsóknir í 798 fyrirtæki. Fjöldi stöðugilda hjá heilbrigðiseftirlitinu voru 10 að meðaltali á árinu 2018. Nokkur endurnýjun hefur verið í starfsmannahópi eftirlitsins og voru 4 nýir starfsmenn í þjálfun á árinu.

Heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með skráningu hunda og eftirlit með þeim og hefur skráðum hundum fækkað undanfarin ár. Í dag eru 2203 hundar skráðir á svæði eftirlitsins og er það 109 færri hundar en voru skráðir á árinu 2017. Þá hefur kvörtunum vegna hunda fækkað frá fyrra ári og voru þær 164 og þar af 69 vegna lausagöngu þeirra.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram að ársskýrslu og samþykkt að ársskýrsla ásamt reikningum verði tekin til afgreiðslu á fundi nefndarinnar 25. mars n.k.

2. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfsmannahaldi. Ráða þarf heilbrigðisfulltrúa tímabundið í starf vegna fæðingarorlofs og reiknað er með tveimur til þremur starfsmönnum í sumarvinnu.

3. Vatnsvernd

3.1. Bláfjöll, fyrirhugaðar framkvæmdir

Lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar frá 6. desember 2018 ásamt skýrslu VSÓ ráðgjafar frá 3. desember 2018 sem unnin var fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsstofnun óskaði eftir annarri umsögn sbr. svar heilbrigðisnefndar frá 30. október 2018 í ljósi viðbótar upplýsinga.


Lögð fram eftirfarandi ný gögn sem borist hafa:

- Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi. Breyting á deiliskipulagi 17.09.2018. Uppfærð greinargerð og umverfisskýrsla.
- Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi. VSÓ ráðgjöf. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsagnir og athugasemdir Viðbrögð Skíðasvæðis Höfuðborgarsvæðisins 3. desember 2018.
- Bláfjallavegur og Bláfjallaleið. Endurbætur. VSÓ ráðgjöf, nóvember 2018. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina.

Lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar frá 19. desember 2018 þar sem boðað er að frekari gögn verði lögð fram af hálfu framkvæmdaraðila og að beðið verði með að senda nýja umsögn.

3.2. Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá rafrænum fundi þann 21. janúar 2019. Hörður Þorsteinsson hefur tekið við formennsku í framkvæmdastjórninni.



3.3. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 lögð fram til kynningar.

3.4. Fundargerð samráðshóps SSH um vatnsvernd og vatnsnýtingu

Lögð fram til kynningar fundargerð samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn þriðjudaginn 22. janúar 2019 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

3.5. Höfuðborgarsvæðið. Árleg endurskoðun rennslislíkans

Lögð fram til kynningar greinargerð Vatnaskila, árleg endurskoðun rennslislíkans, desember 2018, sem unnin er fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

3.6. Vatnasvæðanefnd

Lagt fram til kynningar erindi Umhverfisstofnunar frá 14. desember 2018 þar sem óskað er tilnefningar á fulltrúa í vatnasvæðanefnd samkvæmt lögum nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi verður fulltrúi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í nefndinni.

4. Starfsleyfi, umsagnir, skýrslur, tilkynningar o.þ.h.

4.1 Starfsleyfi

Garðabær

4.1.1 Fífumýri 9, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Andra Gunnarssonar, f.h. Bordeaux félagið ehf., kt. 470618-0860, dags. 21.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Fífumýri 9, Garðabæ. Fastanúmer: F2070031. Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir jákvæð afstaða leyfisveitanda byggingaleyfis.

4.1.2 Kinnargata 14, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Emils Hallfreðssonar, f.h. Olifa á Íslandi ehf., kt.690518-0660, dags. 5.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Kinnargötu 14, Garðabæ en vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóтели. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

4.1.3 Lyngás 14, Garðabær - meindýravarnir

Lögð fram umsókn Smára Sveinssonar, f.h. Varnir og Eftirlit ehf., kt.520301-2080, dags. 4.12.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir aðstöðu vegna reksturs meindýravarna að Lyngási 14, Garðabæ.

Fastanúmer: F2244794. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.1.4 Miðhraun 15, Garðabær - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Vignis Daníelssonar, f.h. Aktu betur ehf., kt. 430119-0360, dags. 7.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðabjónustu (**starfsemi er snertir vélknúin farartæki**) að Miðhrauni 15, Garðabæ. Fastanúmer: F2263023 og F2263024. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

4.1.5 Ásvellir 1, Hafnarfjörður – sjálfafgreiðslu bensínstöð

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis bensínstöðvar N1 hf. kt. 540206-2010 að Ásvöllum 1, Hafnarfirði í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er endurútgáfa starfsleyfis samþykkt til 27.02.2023.

4.1.6 Cuxhavengata 3, Hafnarfjörður - vörugeymslu

Lögð fram umsókn Hilmars Þórs Hilmarssonar, f.h. Saltkaup Nordic ehf., kt. 620818-0890, dags. 2.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu að Cuxhavengötu 3, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2078506. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.7 Dalshraun 13, Hafnarfirði – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Sverris Gunnarssonar, f.h. Urriðafoss ehf., kt. 620104-2560, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2074337. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.8 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Ragnars Jónssonar, f.h. Barber ehf., kt. 700913-1630, dags. 3.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fastanúmer: 222 3437. Yfirtaka og endurútgáfa starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt yfirtaka starfsleyfis til 25.8.2025.

4.1.9 Hjallahraun 15, Hafnarfirði – veitingastaður

Lögð fram umsókn Kristinar Helgadóttur, f.h. KFC ehf., kt. 540198-3149, dags. 17.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hjallahrauni 15, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.10 Hólabraut 2, Hafnarfirði – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Hjördísar Sigurbjörnsdóttur, kt. 060183-4819, dags. 9.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hólabraut 2, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2075807. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.1.11 Lækjargata 46, Hafnarfjörður - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.12 Lækjargata 46, Hafnarfjörður – bensínstöð

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis fyrir þjónustustöð/bensínstöð N1 hf. kt. 540206-2010 að Lækjargötu 46, Hafnarfirði í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er yfirtaka starfsleyfis samþykkt til 26.08.2024.


4.1.13 Reykjavíkurvegur 50, Hafnarfjörður - grunnskóli

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, f.h. Framsýnar Menntunar ehf., kt. 630615-0890, dags. 14.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, samkvæmt teikningum samþykktum af leyfisveitanda byggingaleyfis þann 4. janúar 2019.

Fastanúmer: F2078617. Ný starfsemi.

Ætlunin er að hafa fær­anlegar handlaugar sem hvorki verða tengdar neysluvatnslögn né frá­veitu húsnæðisins.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með frestun og að óskað verði á­lits Umhverfisstofnunar á gerð handlauga sem rekstraraðili hyggst nota.



4.1.14 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – smurstöð

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis fyrir smurstöð N1 hf. kt. 540206-2010 að Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfirði í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 29.03.2021.

4.1.15 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – bensínstöð

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis fyrir þjónustustöð/bensínstöð N1 hf. kt. 540206-2010 að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 28.01.2020.

4.1.16 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.17 Reykjavíkurvegur 56, Hafnarfjörður – hjólbarðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis hjólbarðaverkstæðis N1 hf. kt. 540206-2010 að Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt yfirtaka starfsleyfis til 01.02.2027.

4.1.18 Sléttuhlíð B-2, Hafnarfjörður - gisting

Lögð fram umsókn Arngunnar Gylfadóttur, kt. 281062-6549, f.h. Mosi, dags. 23.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir leigu á sumarhúsi (Íbúðagistingu flokkur II að Sléttuhlíð B-2), Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2080981. Ný starfsemi.

Fyrir liggur neikvæð afstaða byggingarfulltrúa frá 19.12.2018.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt afstaða byggingarfulltrúa.

4.1.19 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Barböru K. Kristjánsdóttur, f.h. PHUT ehf., kt. 651114-1520, dags. 29.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Fastanúmer: F228352. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.20 Strandgata 4-6, Hafnarfjörður - veitingasala/samkomusalur

Lögð fram umsókn Páls Eyjólfssonar, f.h. Bæjarblós slf., kt. 611116-0550, dags. 15.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar og veitingasölu að Strandgötu 4-6, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2079433. Breyting á húsnæði.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.21 Tjarnarvellir 7, Hafnarfjörður – heilsuræktarstöð


Lögð fram umsókn Björns Kr. Leifssonar, f.h. Laugar ehf., kt. 631098-2079, dags. 11.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Tjarnarvöllum 7, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2330668. Ný starfsemi.

Fyrir liggur teikningar dags. 11.10.2018

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða og reglugerðar um hollustuhætti á sund og baðstöðum er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.22 Tjarnarvellir 15, Hafnarfjörður – brauð og kókusala, veitingastofa

Lögð fram umsókn Guðna Hólms Stefánssonar, f.h. Lindabakarí ehf., kt. 590499-2349, dags. 7.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2285371. Nýr rekstraraðili.



Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

4.1.23 Álfhólsvegur 73, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Magnúsar Kristinsson, f.h. Burstabæjar ehf., kt. 500300-2210, dags. 17.12.2018, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Álfhólsvegi 73, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit starfsleyfi 15.03.2019 staðfest.

4.1.24 Bakkabraut 9, Kópavogur - niðurrif

Lögð fram umsókn Trausta Finnbogasonar, f.h. G.T. Verktakar ehf., kt. 651004-2090, dags. 19.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Bakkabraut 9, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi til 1.03.2019 staðfest.

4.1.25 Breiðahvarf 15, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Péturs Pálssonar, f.h. G.P. Heildverslun ehf., kt. 501204-3230, dags. 3.12.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir íbúðagistingu flokkur II, að Breiðahvarfi 15, Kópavogi.

Fastanúmer: F2266743. Ný starfsemi.

Fyrirspurn send til byggingarfulltrúa 9. janúar 2019 um samþykktu notkun fasteignar

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára þegar fyrir liggur að starfsemin fullnægi samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.26 Búðakór 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ómars Jónssonar, f.h. Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 10.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvöruverslunar að Búðakór 1, Kópavogi. Fastanúmer: F2279579. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem úrbótaáætlun hefur ekki borist.

4.1.27 Fagraþing 4, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Vilborgar Ámundadóttur, f.h. Garðyrkjumannsins ehf., kt. 500205-0750, dags. 28.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Fagraþingi 4, Kópavogi.

Fastanúmer: F2284998. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15. janúar 2019. Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir að starfsemin fullnægi samþykktu notkun fasteignar.

4.1.28 Fífulind 4, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Jónasar Garðarssonar, f.h. Jarpkollar ehf., kt. 431299-3059, dags. 17.12.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Fífulind 4, Kópavogi.

Fastanúmer: F2223139. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 9. janúar 2019. Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir að starfsemin fullnægi samþykktu notkun fasteignar.

4.1.29 Hagasmári 1, Kópavogur – barnagæsla


Lögð fram umsókn Ástu Maríu Harðardóttur, f.h. Þrjúbló ehf., kt. 451206-0360, dags. 16.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur barnagæslu að Hagasmára 1, Kópavogi. Fastanúmer: F2227650.

Viðbót við starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er viðbót við starfsleyfi samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.30 Hagasmári 1, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Guðlaugs Pálssonar, f.h. Festi hf (N1 hf.), kt. 540206-2016, dags. 23.01.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs bensinstöðvar að Hagasmára 1, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.



Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi til 31.03.2019 samþykkt.

4.1.31 Hamraendi 1-3, Kópavogur – dýralæknaþjónusta

Lögð fram umsókn Björgvins Þórissonar, f.h. Drösulls ehf., kt. 440203-2990, dags. 25.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýralæknaþjónustu að Hamraenda 1-3, Kópavogi. Fastanúmer: F2324780. Ný starfsemi. Afgreiðslu frestað þar sem eftirlit hefur ekki getað farið fram.

4.1.32 Hlíðasmári 17, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Berglindar Jóhannsdóttur, f.h. Prófill tannréttung slf., kt. 490410-1040, dags. 21.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Fastanúmer: F2236284. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuháttareglugerðar og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.33 Hæðasmári 2, Kópavogur – sjálfafgreiðslu bensínstöð

Lögð fram umsókn Jóns Páls Leifssonar, f.h. Dælnnar ehf., kt. 460918-0570, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfi bensínstöðvar. Nýr rekstraraðili. Afgreiðslu frestað þar sem fullnægjandi upplýsingar hafa ekki borist.

4.1.34 Kársnesbraut 112, Kópavogur – brugghús

Lögð fram umsókn Hauks Páls Finnssonar, f.h. Álfs Brugghúss ehf., kt. 421018-1460, dags. 14.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir framleiðslu áfengis að Kársnesbraut 112, Kópavogi. Lagðar fram teikningar dags. 5.10.2018. Fastanúmer: F2063144. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.35 Kópavogsbraut 3, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Heimis Bjarnasonar, f.h. H. Bjarnason slf., kt. 600116-0530, dags. 9.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Kópavogsbraut 3, Kópavogi. Fastanúmer: F2063370. Ný starfsemi. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14. janúar 2019. Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir að starfsemin fullnægi samþykktu notkun fasteignar.

4.1.36 Kríunes, Vatnsendabl., Kópavogur – gististaður


Lögð fram umsókn Björns Inga Stefánssonar, f.h. Kríuness ehf., kt. 670602-4190, dags. 14.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Kríunesi Vatnsendabletti, Kópavogi. Fastanúmer: F2066732. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem leggja þarf fram úrbótaáætlun.

4.1.37 Lækjarbotnaland 4-5, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3459, dags. 11.12.2018, sótt er um leyfi til niðurrifs húsa að Lækjarbotnalandi 4 og 5, Kópavogi. Tímabundin starfsemi. Með vísun til X. Viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfest starfsleyfis til 1. júní 2019.

4.1.38 Lækjarbotnaland 45, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3459, dags. 10.01.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Lækjarbotnalandi 45, Kópavogi. Tímabundin starfsemi. Með vísun til X. Viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfest starfsleyfi til starfseminnar til 1. júní 2019.



4.1.39 *Salavegur 2, Kópavogur – sjálfafgreiðslu bensínstöð*

Lögð fram umsókn Jóns Páls Leifssonar, f.h. Dælan ehf., kt.460918-0570, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um yfirtökustarfsleyfi bensínstöðvar. Nýr rekstraraðili. Afgreiðslu frestað þar sem fullnægjandi upplýsingar hafa ekki borist.

4.1.40 *Smiðjuvegur 12, Kópavogur – pökkun á efnavörum*

Lögð fram umsókn Benjamíns Friðrikssonar, f.h. Heildverslunar B.B. ehf., kt. 501188-1079, dags. 4.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til blöndun og pökkunar á hreinlætisvörum að Smiðjuvegi 12, Kópavogi. Fastanúmer: F2065311. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er afgreiðslu frestað þar sem upplýsingar vantar um mengunarvarnabúnað.

4.1.41 *Smiðjuvegur 38e, Kópavogur – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Einars Bergþórssonar, f.h. Bliki bílamálun/réttingar ehf., kt. 610717-1280, dags. 17.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaréttinga og sprautuverkstæði að Smiðjuvegi 38e, Kópavogi. Fastanúmer: F2065353. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.42 *Smiðjuvegur 68, Kópavogur – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Auðuns Ásbergs Gunnarssonar, f.h. Bifreiðaverkstæði Kópavogs kt. 660107-1690, dags. 23.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 68, Kópavogi. Fastanúmer: 2215716 og 2215717. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.43 *Smiðjuvegur 68-70, Kópavogur – hárgreiðslustofa*

Lögð fram umsókn Þóru Bjargar Birgisdóttur, f.h. Betri Stofan ehf., kt. 510918-0880, dags. 14.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi. Fastanúmer: F2215717. Ný starfsemi. Afgreiðslu frestað þar sem úttekt er ólokið

4.1.44 *Stórahjalli 2, Kópavogur – smurstöð*

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis N1 hf. kt. 540206-2010 til reksturs smurstöðvar að Stórahjalla 2, Kópavogi í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er yfirtaka starfsleyfis til 29.03.2021 samþykkt.

4.1.45 *Stórahjalli 2, Kópavogur – matvöruverslun*


Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Stórahjalla 2, Kópavogi. Nýr rekstraraðili. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.46 *Stórahjalli 2, Kópavogur – bensínstöð*

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. N1 ehf., kt.411003-3370, dags. 20.12.2018, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfi fyrir þjónustustöð/bensínstöð N1 hf. kt. 540206-2010 að Stórahjalla 2, Kópavogi í tengslum við samruna fyrirtækja. Nýr rekstraraðili. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er yfirtaka starfsleyfis til 29.03.2021 samþykkt.

4.1.47 *Víkurhvarf 8, Kópavogur – kennslustaður*

Lögð fram umsókn Kristínar Sigmarsdóttur, f.h. En route ehf., kt. 610212-0850, dags. 19.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kennslustaðar og hundaskóla að Víkurhvarfi 8, Kópavogi. Fastanúmer: F2282447. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.



4.1.48 Ögurhvarf 3, Kópavogur – veitingar og sala á brauði og kökum

Lögð fram umsókn Guðna Hólm Stefánssonar, f.h. Lindabakarí ehf., kt. 590499-2349, dags. 7.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu og sölu á brauðum og kökum að Ögurhvarfi 8, Kópavogi. Fastanúmer: F2284552. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.2 Umsagnir

Garðabær

4.2.1 Blikastígur 18, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn 4 All Fours ehf., kt. 580311-0240, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir stærra gistiheimili samkvæmt flokki II við Blikastíg 18, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2019.

Jákvæð umsögn samþykkt með vísun til starfsleyfis frá 3.4.2012.

4.2.2 Breiðamýri, Garðabær – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvenfélags Álftaness, kt. 451179-0209, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Breiðumýri íþróttahúsi, Garðabæ, þann 9.2.2019 frá kl. 19.00 – 04.00. Fyrir allt að 500 manns.

Jákvæð umsögn samþykkt

Hafnarfjörður

4.2.3 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – veitingahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM Veitinga ehf., kt. 540709-0330, um tækifærisleyfi vegna lengri opunar á áramótum frá kl. 00.00 – 06.00 31.12.2018 og til kl. 04.00 2.01.2019.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

4.2.4 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 4.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, kt. 430985-0789 um tækifærisleyfi vegna samkomu í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 10.01.2019 frá kl. 22.00 – 01.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.2.5 Borgarholtsbraut 44, Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn BB 44 Gisting ehf., kt. 710502-4120, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili samkvæmt flokki II við Borgarholtsbraut 44, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt með vísun til starfsleyfis 11. september 2008 og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.2.6 Kríunes Vatnsendabl., Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kríunes ehf., kt. 670602-4190, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili samkvæmt flokki IV við Kríunes Vatnsendabl., Kópavogi.

Afgreiðslu frestað sbr. lið 4.1.36

4.2.7 Salavegur 2, Kópavogur – Glersalurinn, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 4.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Viðburða ehf., kt. 511212-0570 um tækifærisleyfi vegna samkomu í Glersalurinum, Salavegi 2, Kópavogi, þann 14.12.2018 frá kl. 19.00 – 01.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including 'SMG' and 'JL'.

4.2.8 Smáratorg 1, Kópavogur –Læknavaktin, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 7.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sviðslistahópurinn 16 elskendur ehf., kt. 570708-0150 um tækifærisleyfi vegna samkomu í Læknavaktinni Smáratorgi 1, Kópavogi, þann 12.01.2019 – 18.01.2019 frá kl. 20.00 – 23.00. Eftirlitsskýrsla 26.11.2018. Jákvæð umsögn staðfest.

4.2.9 Smáratorg 1, Kópavogur –Læknavaktin, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 7.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sviðslistahópurinn 16 elskendur ehf., kt. 570708-0150 um tækifærisleyfi vegna samkomu í Læknavaktinni Smáratorgi 1, Kópavogi, þann 19.01.2019 – 25.01.2019 frá kl. 20.00 – 23.00. Jákvæð umsögn staðfest.

4.2.10 Vallakór 12-14, Kópavogur –samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 4.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269 um tækifærisleyfi vegna samkomu í Vallakór 12-14, Kópavogi, þann 25.01.2019 frá kl. 19.00 – 03.00. Eftirlitsskýrsla dags. 9.01.2019. Jákvæð umsögn staðfest.

4.3 Tóbaksleyfi

4.3.1 Litlatún 1, Garðabær – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Baskó verslana ehf., kt. 470710-0470, dags. 19.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk, Litlatúni 1, Garðabæ. Leyfisveiting staðfest.

4.3.2 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Baskó verslana ehf., kt. 470710-0470, dags. 19.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk, Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest.

4.3.3 Dalvegur 20, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Baskó verslana ehf., kt. 470710-0470, dags. 19.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk, Dalvegi 20, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest.

4.3.4 Hagasmári 9, Kópavogur – matvöruverslun


Lögð fram umsókn Baskó verslana ehf., kt. 470710-0470, dags. 19.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk, Hagasmára 9, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest.

4.3.5 Lækjargata 46, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir N1 ehf., Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest.

4.3.6 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir N1 ehf., Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest.

SMG 

4.3.7 Stórhjalli 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir N1 ehf., Stórahjalla 2, Kópavogi.

Leyfisveiting staðfest.

4.3.8 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Urriðafoss ehf., kt. 620104-2560, dags. 20.12.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Drekan, Dalshraun 13, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2019.

Leyfi samþykkt.

4.3.9 Búðakór 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 10.01.2019 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Nettó Búðakór, Búðakór 1, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2019.

Leyfi samþykkt.

4.3.10 Hamraborg 18, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Krónunnar, kt. 711298-2239, dags. 15.01.2019 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Krónuna, Hamraborg 18, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2019.

Leyfi samþykkt.

4.4 Annað

4.4.1 Áramóta- og prettándabrennur – umsagnabeiðnir frá Sýslumanni

Lagðar fram til kynningar jákvæðar umsagnir sem veittar voru Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er vörðuðu eftirtaldir áramóta- og prettándabrennur:

- Áramótabrenna að Ásvöllum í Hafnarfirði (Knattspyrnufélagið Haukar)
- Áramótabrenna við Sjávargrund, Garðabæ (UMF Stjarnan)
- Áramótabrenna í Kópavogsdal á svæði milli Dalsmára og Fífuhvamms (UMF Breiðablik)
- Áramótabrenna sunnan Gulapings í Kópavogi (Árni Þór Árnason)
- Prettándabrenna norðan við Gesthús á Álftanesi (Sveitarfélagið Garðabær).

4.4.2 Áramótabrenna – umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Lögð fram til kynningar jákvæð umsögn við umsagnarbeiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um undanþágu til Kristjáns Sveinbjörnssonar um að halda áramótabrennu norðan við Gesthús á Álftanesi, Garðabæ.

4.4.3 Austurgata 10b, Hafnarfjörður - fjarlægja asbest

Lögð fram til kynningar umsókn Íslenskra Aðalverktaka, kt. 66169-2379, dags. 21.11.2018, um leyfi til niðurrifs og förgunar á asbesti að Austurgötu 10b, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var veitt leyfi. Niðurrif var klárað 5.12.2018.

5. Skipulagsmál

5.1. Deiliskipulagsáætlanir á Álftanesi, Garðabær

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar, þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulagsáætlanir á miðsvæði Álftaness.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/alftanes-midsvaedi>

Heilbrigðisnefndar veitir jákvæða umsögn um skipulagstillögu miðsvæðis Álftaness en vekur athygli á nauðsyn Itarlegri umfjöllunar um fráveitumál. SG

5.2. Krýsuvíkurbjarg, deiliskipulag. Hafnarfjörður

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar frá 12. desember 2018 þar sem óskað er umsagnar um nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurbjarg. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd.

5.3. Undirhlíðar, skógrækt. Hafnarfjörður

Lagður fram tölvupóstur umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar frá 18. desember 2018 ásamt erindi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar frá 14. nóvember 2017 um áhuga félagsins á ræktunarstarfi í námu við Bláfjallaveg á nágrenni. Heilbrigðisnefnd visar málinu til afgreiðslu hjá heilbrigðiseftirliti.

5.4. Vesturvör, deiliskipulag göturýmis

Lögð fram tillaga Umhverfissviðs Kópavogsbæjar að deiliskipulagi göturýmis við Vesturvör milli Hafnarbrautar og Kársnesbrautar, Litluvör og Naustavör. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd.

6. Önnur mál

6.1. Vöktun þungmálma og brennisteins í mosa á Íslandi 1990 – 2015

Lögð fram til kynningar skýrsla Náttúrufræðistofnunar, desember 2018, um vöktun þungmálma í mosa á Íslandi 1990-2015. Áhrif frá iðjuverum og eldvirkni. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu heilbrigðiseftirlits og til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

6.2. Loftgæðamælingar

Farið yfir loftgæðamælingar sem framkvæmdar eru í umdæminu og vinnu við úrvinnslugagna á árinu 2018.


- Lögð fram ársskýrsla Orku náttúrunnar um H₂S loftgæðamælingar í Norðlingaholti, Hveragerði og Lækjarbotnum.
- Lögð fram ársskýrsla Orku náttúrunnar um H₂S loftgæðamælingar við Hellisheiðavirkjun og Nesjavallavirkjun.

6.3. Umgengni við Elliðavatn


Rædd umgengni á öryggissvæði vatnsverndar við Elliðavatn en umgengni þar hefur verið til umfjöllunar að undanfögnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:20


Sigurður Grétarsson



Sævar Gíslason



Ingibjörg Hauksdóttir




Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson

Jón Haukur Ingvason




Tillaga um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.

Flytjandi: Harpa Þorsteinsdóttir

Við í Garðabæjarlistanum leggjum til að gerð verði könnun á því hvernig eldri borgarar í Garðabæ eru að nýta sér þá heilsurækt sem í boði er með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir það hvernig hægt sé að mæta þörfum allra íbúa. Markmiðið væri að greina hvaða hópur eldri borgara er að nýta þá þjónustu sem nú þegar er til staðar, hversu hátt hlutfall kýs að leita annað og borga þá þjónustu að fullu og þá er mikilvægt að greina þann hóp sem ekki nýtir sér nein úrræði og af hverju.

Greinargerð

Heilsurækt fyrir eldri borgara þarf að vera fjölbætt, hvetjandi og aðgengileg fyrir íbúa 65 ára og eldri. Um er að ræða stækkandi hóp samfélagsins og má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn og öðrum útfærslum sem þarft er að bregðast við. Með því að greina notkunina á þeirri heilsurækt sem stendur íbúum til boða og þann hóp sem ekki nýtir sér þau úrræði fáum við skýrari mynd af því hvernig hægt er að svara eftirspurn og þannig stuðla að heilsuefningu og aukinni virkni eldra fólks. Það er ábyrgð þeirra sem fara með stjórn í sveitarfélögum að finna leiðir til þess að sem flestir íbúar geti viðhaldið góðri heilsu.



Garðabær, 4. febrúar 2019

Fyrirspurn um kaup á vöru og þjónustu frá stærstu birgjum á árinu 2018.

Fyrirspurn þessi varðar heildar kaup frá birgjum hvort heldur þau eru gjaldfærð eða eignfærð í bókhaldi.

Virðingarfyllst, Ingvar Arnarson Bæjarfulltrúi



Garðabær, 4. febrúar 2019

Fyrirspurn um niðurgreiðslu á fæði til eldri borgara í Garðabæ

Ég vil leggja fram eftirfarandi spurningar er varðar fyrirkomulag um niðurgreiðslu á fæði til eldri borgara í Garðabæ.

- *Hversu há er niðurgreiðsla á fæði til eldri borgara í Garðabæ ?*
- *Ef niðurgreiðslan er engin, hver er ástæða þess ?*

Virðingarfyllst, Valborg Ösp Árnadóttir Warén, Varabæjarfulltrúi